

SKÓLABÚÐIRNAR Á REYKJUM: ERTU AÐ KOMA TIL OKKAR Í REYKJASKÓLA? ÞETTA ER GOTT AÐ LESA ÁÐUR EN ÞIÐ KOMIÐ

Ungmennafélag Ísland – UMFÍ, hefur tekið við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði. Við erum mjög spennt fyrir því að taka á móti ykkur.

Áður en lagt er af stað í Skólabúðirnar mælum við með því að kennarar og allir fylgdarmenn með hópum renni yfir þetta bréf.

MEGINMARKMIÐ SKÓLABÚÐANNA ER AÐ...

- vera leiðandi í forvörnum, þar sem lögð er áhersla á almenna þátttöku og bættu lýðheilsu.
- auðvelda aðgengi og auka framboð á fræðslu, óformlegu námi og félagsstarfi með þarfir einstaklinga í huga.
- skapa vettvang til áhrifa.
- styrkja og efla leiðtogaþæfileika og sjálfsmynd einstaklinga.

DAGSKRÁ OG DVALARGJALD

Dagskrá skólabúðanna er afar fjölbreytt. Mikil áhersla er lögð á, hreyfingu bæði inni og úti, nám í gegnum leiki, leiklist og margt fleira gagnlegt og skemmtilegt.

Verð á nemanda er 38.000 kr. fyrir dagana. Kennarar eða fylgdarmenn greiða ekkert.

TILMÆLI OG VIÐMIÐ TIL ÞÁTTTAKENDA

Lífið í skólabúðum UMFÍ snýst um samskipti og samveru. Svo allt gangi vel fyrir sig er mikilvægt að við skemmtum okkur vel í sátt og samlyndi með öðrum.

Hér er að sjá nokkuð viðmið og tilmæli sem gott er að fylgja svo allt gangi vel fyrir sig og allir hafi gagn og gaman af því að dvelja í búðunum.

- ... njótum þess að vera í Skólabúðunum!
- ... leggjum okkur fram við að eignast nýja vini.
- ... njótum þess að vera í nýju umhverfi.
- ... notum tímann til þess að kynnast sjálfum okkur betur.
- ... komum fram við alla af kurteisi og virðingu.
- ... tökum virkan þátt í öllum viðburðum og námskeiðum.
- ... hjálpumst að við að ganga frá og skilja vel við herbergi og önnur rými.
- ... munum að klæða okkur eftir veðri.
- ... munum að rúmin notum við til að sofa í, ekki sem trampólín.
- ... allur matur á heima inn í matsal.
- ... munum að svæðið í kringum skólabúðirnar eru okkar svæði.
- ... verum dugleg að hrósa og brosa. Þá verður allt betra!

AÐSTAÐA FYRIR KENNARA

Við leggjum mikið upp úr því að kennurum sem fylgja skólahópunum líði vel í Skólabúðunum á Reykjum. Við höfum útbúið sérstök afþreyingarými fyrir kennara. Þar er hægt að slaka á, fá sér kaffi og spjalla á milli vakta. Í herbergjum kennara eru sængur og rúmföt. Okkur þykir afar gott að fá ábendingar um allt það sem má fara betur. Endilega látið heyra í ykkur!

HVENÆR KOMA OG FARA HÓPAR?

Skólahópar koma til okkar á mánudögum klukkan 11:00. Starfsmenn Skólabúðanna taka á móti hópunum. Brottför er á fimmtudögum klukkan. 16:00. Hver skólahópur þarf að skipuleggja akstur til og frá Reykjum.

AÐSTAÐA FYRIR NEMENDUR

UMFÍ hefur gert umtalsverðar umbætur á húsnæði heimavistar Skólabúðanna á Reykjum. Í heimavistinni eru herbergi fyrir tvo upp í sex einstaklinga. Fyrir dvölinna fá kennarar sent excelskjál og eru þeir beðnir um að fylla út og senda til baka vikur fyrir dvöl. Þar eru þeir beðnir um að fylla inn nöfn nemenda og raða þeim í herbergi. Kennarar skipta jafnframt nemendum upp í þrjá hópa. Við óskum þess að fá skjalið sent til baka eigi síðar viku fyrir dvöl á Reykjum.

HVAÐ ER GOTT AÐ HAFA MEÐ?

Hér er að finna upplýsingar um hluti sem gott er að hafa meðferðis svo dvölin verði sem ánægjulegust fyrir alla. Gott er að hafa í huga að koma klædd eftir veðri og koma með föt sem mega verða skítug og gott er að hreyfa sig í. Dagskráin felur í sér ýmis verkefni leiki, bæði inni og úti.

- Sæng, koddar, koddaver, sængurver og lak á 90 cm rúm.
- Hlý föt til útivistar, s.s. lopapeysa/flíspeysa, vatnsheldur jakki og buxur, húfa og vettlingar (það er miklu skemmtilegra að vera vel klædd/ur ef kalt er úti).
- Góðir skór til göngu og útivistar, mega vera íþróttaskór eða gönguskór.
- Lítill bakpoki/göngupoki.
- Inniskór eru mjög sniðugir.
- Vatnsbrúsi.
- Þægileg föt, sokkar og nærbuxur til skiptanna.
- Klukku til þess að hafa inni á herberginu – ekki hægt að teysta á símann...
- Náttföt og eyrnatappar (fyrir þá sem þurfa).
- Sundföt og handklæði (sundgleraugu eru sniðug líka)
- Sjampó, hárnæring, sápa og aðrar vörur tengdar hreinlæti (fyrir þá sem vilja).
- Tannbursti og tannkrem.

- Vaðskór/strigaskór/inniskór með hælbandi til að nota í vatninu (valfrjálst).
- Tíðarvörur.
- Bók til að glugga í á kvöldin fyrir svefninn (valfrjálst).
- Einnota myndavél (valfrjálst).
- Pokar undir óhrein föt og skó.
- Nauðsynleg lyf merkt í poka/boxi. Kennara sjá um og gæta lyfja.
- Við förum í hárgreiðslu- og förðunarkeppni. Það er velkomið að taka með greiður og dót fyrir keppnina.

... SVO MÁ EKKI GLEYMA AÐ SKILJA SÍMANN EFTIR HEIMA!

Í Skólabúðum UMFÍ er ekki leyfilegt að vera með síma eða önnur raftæki. Lífið í búðunum snýst um samskipti og samveru. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta getur verið krefjandi verkefni fyrir marga – en reynslan sýnir að það svo sannarlega margborgar sig og nemendur njóta sín mun betur. Við endurtökum að símar eru ekki heldur leyfðir ofan í töskum, þó slökkt sé á þeim og búið sé að taka símkort úr þeim.

Dæmi um raftæki sem eru velkomin

- Sléttujárn og hárbلاسارar
- Vasaljós
- Myndavélar (ekki þó síma og snjall tæki og sambærileg tæki sem eru líka myndavélar)
- Fjöltengi
- Litlir hátalarar ef spilað er fyrir herbergisfélagi í frjálsum tíma.

Raftæki sem ekki eru leyfð eru:

- GSM síma- ekki heldur síma með engu símkorti.
- Snjallsíma
- Fartölvur/Spjaldtölvur
- Leikjatölvur
- Sjónvörp
- Magnara/Boomblaster/boombox
- Kraftmikla hátalara
- Drónar
- Rafrettur

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ TAKA VEL Á MÓTI YKKUR!